

Kaplakriki

107. fundur vinnuhóps/byggingarnefndar um uppbyggingu FH svæðis í Kaplakrika var haldinn föstudaginn 5. ágúst 2013, kl. 08.30 á skrifstofu Fimleikafélags Hafnarfjarðar í Kaplakrika Hafnarfirði..

Mættir voru:

Gunnar Svavarsson	GS	Formaður
Árni Stefán Jónsson	ÁSt.	Stjórn Framkvæmdaráðs
Sigurður Þorvarðason	SP	Stjórn Framkvæmdaráðs
Benedikt Olgeirsson	BO	FH
Viðar Halldórsson	VH	FH
Ingvar S. Jónsson	IJ	Íþróttafulltrúi
Erlendur Árni Hjálmarsson	EÁH	Fasteignafélaginu
Sigurður Haraldsson	SH	Settur sviðsstjóri
Birgir Jóhannsson	BJ	FH

Árni Stefán Jónsson, Benedikt Olgeirsson og Sigurður Haraldsson boðuðu forföll

1: Fundargerð síðasta fundar þ.e. nr. 106 verður send nefndarmönnum.

2: Botnplata Frjálsíþróttahúss.

Tekið fyrir að nýju mál vegna steypu á þeim hluta botnplötu sem eftir er í Frjálsíþróttahúsi. Til eru verklýsingar og magnskrá sem lagðar eru fram á fundinum . Einnig er lagt fram minnisblað um úttekt á núverandi botnplötu og framhaldsvinnu.

VH fh. Fimleikafélagsins lagði fram tilboð um botnplötu dags. 4. sept. 2013 Einnig lagði EÁH fram kostnaðaráætlun Fasteignafélagsins dags. 2. sept. 2013 um sama mál

Byggingarnefd gerir ekki athugasemdir við að Fimleikafélagið geri verksamning á grunni framlagðs tilboðs enda tilboðið lægra en kostnaðaráætlun Fasteignafélagsins.

Samningur um verkið liggir fyrir á næsta fundi byggingarnefndar.

Jafnframt liggir fyrir samkomulag Fasteignafélagsins og Fimleikafélagsins um aðkomu beggja aðila að verkinu.

3: Byggingarstjórartrygging.

Lögð fram drög að verkferli dags. 5. september 2013 varðandi kröfur verkkaupa um tryggingar fyrirverandi byggingarstjóra (Ris)vegna framkvæmda við Frjálsíþróttahúsið.

Verkefnisstjóra falið sjá um framkvæmd verksins í samræmi við innihald framlegðs verkferils.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 10.07. Næsti fundur fimmtudaginn 12. september 2013 kl. 08.15 á skrifstofum Fimleikafélagsins í Kaplakrika.

Hafnarfirði 5. sept 2013.

Gunnar Svavarsson

Sigurður Þorvarðarson

Benedikt Olgeirsson

Árni Stefán Jónsson

Viðar Haldórsson

Sigurður Haraldsson

Ingvar S. Jónsson

Erlendur Árni Hjálmarsson

Birgir Jóhannsson

FH vinnuhópur.